

Tilmæli GRECO til úrbóta hvað lögreglu varðar eru eftirfarandi:

- x. *Tryggja lögreglunni fullnægjandi aðbúnað svo hún geti sinnt störfum sínum með skilvirkum hætti, sérstaklega í tengslum við innleiðingu stefnumótunar um heilindi innan lögreglunnar.*

Samtökin telja marktækum árangri ekki hafa verið náð en löggæsluáætlun var birt í maí 2019. Ákveðin reynsla þarf að vera til staðar við framkvæmd hennar til þess að hægt sé að skoða mælanlegan árangur.

- xi. *Lagt er til að siðareglur lögreglunnar og landhelgisgæslunnar verði uppfærðar þannig að tekið sé í viðara samhengi á hagsmunaárekstrum og pólitískri þátttöku sem getur komið upp í tengslum við stöðu þeirra. Siðareglurnar verða að bjóða upp á leiðsögn með raunhæfum dæmum og skýringum um hvaða háttsemi getur fallið undir reglurnar, jafnframt þarf að vera hægt að leita ráðgjafar í trúnaði um túlkun reglnanna.*

Embætti Ríkislögreglustjóra stefnir á að uppfylla tilmælin fyrir lok árs 2020. Leitað verður til starfsfólks lögreglu sem taka mun þátt í að búa til eigin siðareglur. Þá hefur Landhelgisgæslan einnig lýst því yfir að vinna standi yfir við að uppfæra sínar reglur í samræmi við tilmæli GRECO.

- xii. *Stuðlað verði að því að regluleg námskeið og vitunarvakning fari fram um heilindi í störfum þessara starfsstétta og siðareglur þeirra, þar sem sérstakt tillit er tekið til eðli starfa þeirra (fjallað verði um hagsmunaárekstra og önnur atriði til varnar spillingu).*

GRECO telur tilmælin uppfyllt að hluta og á rétttri leið. Það sem útaf stendur varðar þjálfun starfsmanna Landhelgisgæslunnar og að yfirvöld fylgist með og viðhafi eftirlit um að þjálfun eigi sér stað.

- xiii. *Hlutverk hæfnisnefndar við skipun í störf lögreglumanna verði eftt og komið verði á fót heilindamati í tengslum stöðuveitingar innan lögreglunnar og þá verði það jafnframt gert að meginreglu að lausar stöðu innan lögreglunnar verði auglýstar og skipað í þær á grundvelli fyrirfram ákveðins ferils.*

Með frumvarpi til laga til breytinga á lögreglulögum sem er á þingmálaskrá í nóvember er lagt til að hæfnisnefnd lögreglu verði lögð niður. Lagt verður fyrir ríkislögreglustjóra að bæta verkferla við ráðningar fyrir lögreglustjóra og að sérstöku heilindamati verði komið á fót.

- xiv. *Að skýr, sanngjörn og gegnsæ viðmið, liggi fyrir við ákvörðun um að endurnýja ekki skipun lögreglumanns og að skýrt ferli verði til staðar til að kæra slíka ákvörðun.*

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 eru lögreglumenn embættismenn og því nemur skipun lögreglumanna fimm árum. Til þess að uppfylla tilmæli samtakanna þyrfti að gera meiriháttar breytingar á gildandi lagaumhverfi og hefur ekki verið talið tilefni til þess hingað til.

- xv. *Settar verði skýrari reglur um gjafir og önnur fríðindi fyrir lögregluna og Landhelgisgæsluna.*

Embætti Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslan stefna að því að innleiða tilmælin fyrir lok árs 2020.

- xvi. *Að rannsókn verði gerð á aukastörfum lögreglunnar og þeim störfum sem lögreglumenn taka að sér eftir að þeir ljúka störfum hjá lögreglunni. Á grundvelli niðurstöðu þeirrar rannsóknar verði skýrari reglur settar til að takmarka hagsmunaárekstra.*

Að mati GRECO hafa tilmælin verið innleidd að hluta en leggja samtökin til að reglur gildi jafnframt um lögreglumenn sem hættir eru störfum. Slíkar reglur gætu orðið íþyngjandi en varlega þarf að fara í slíka reglusetningu og taka mið af atvinnufrelsisákvæði stjórnarskránnar.

xvii. *Að komið verið á fót miðlægu stjórnvaldi eða ákveðnum aðila innan stofnanauppbyggingu lögreglunnar sem verði falið það hlutverk að annast innri endurskoðun og rannsóknir, undir ábyrgð Ríkislögreglustjóra, en embætti Ríkislögreglustjóra á í framkvæmd að hafa skýrt leiðtogahlutverk þegar kemur að innri stefnumálum lögreglunnar, þar á meðal í tengslum við heilindi, áhættustjórnun og eftirlit með lögreglunni. Þá þarf jafnframt að endurskoða valdauppbyggingu innan lögreglunnar til að tryggja skilvirka innleiðingu stefnumótunar, án afskipta ráðuneytis og stjórn mála.*

Samtökin taka fram að skýrsla Ríkisendurskoðunar var kynnt ráðuneytinu í janúar 2020, að nýr ríkislögreglustjóri hafi verið skipaður í mars 2020 og enn fremur að starfshópur hafi greint starfsumhverfi lögreglu. Ljóst er að sú vinna sem ráðst þarf í getur tekið tíma en mikilvægt er að árangur þeirra grunnvinnu sem unnin hefur verði sýnilegur

xviii. *Að skýrar reglur um vernd uppljóstrara verði þróaðar og innleiddar fyrir lögreglumenn, til fyllingar siðareglum lögreglunnar.*

Lög um vernd uppljóstrara hafa verið samþykkt á Alþingi og teljast tilmælin innleidd að hluta. Kynna þarf lög in fyrir lögreglumönnum og veita fræðslu um efni þeirra og verða þá tilmælin talin innleidd að fullu. Mennta- og starfsþróunarsetrið hefur verið upplýst um að afar gagnlegt væri að setja á fót fræðslu fyrir starfandi lögreglumenn sem og lögreglunema.

Ráðuneytið á í góðu samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra og enn fremur mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu sem vinnur að því að innleiða tilmæli xi, xii, xv og xviii.